

SAMKOMULAG

Efling, stéttarfélag og Orkuveita Reykjavíkur gera með sér svofellt samkomulag í tengslum við gerð kjarasamnings þann 27. maí 2020.

Uppgjör afturvirkra greiðslna, samkvæmt því sem greinir í kjarasamningi, skal fara fram við launaútborgun þann 1. júlí 2020. Eingreiðsla, að fjárhæð kr. 100.000, sem innt var af hendi í ágústmánuði s.l. og skyldi ganga upp í kjarasamningsbundnar hækkanir, skal ekki koma til frádráttar við það uppgjör.

Í bókun með kjarasamningi er kveðið svo á um að stefnt skuli að breytingum á launakerfi. Aðilar kjarasamnings staðfesta fyrir sitt leyti að kostnaður við breytingar skuli nema allt að 1,5% í auknum launakostnaði og skuli breytingum á launakerfi vera lokið eigi síðar en þann 1. júlí 2020.

Árleg endurskoðun á áhrifum frammistöðutengdra þátta starfsfólks í jafnlaunakerfi OR mun ekki leiða til lækkunar launa.

OR mun bjóða öllum starfsmönnum, sem taka kjör skv. kjarasamningi þessum, að færa hluta fastrar greiðslu, kr. 25.000 m.v. fullt starf, inn í mánaðarlaun fyrir dagvinnu frá og með 1. nóvember 2020.

Reykjavík, 27. maí 2020

f.h. Eflingar, stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Sveig Anna Smíðadóttir
Ragnheiður Ólafsson
Anna Pálmasdóttir
Allyson Jón
Jóhanna Ingvársdóttir
Sigríður Guðlaug Haukdóttir

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Sólrun Kristjánsdóttir
Óskel Nordmann